

DV



SJÓNVARPIÐ

- 16.00 Íþróttabúturinn. Svipmyndir frá íþróttavíðburðum vikunnar og umfjöllun um Íslandsmótið í knattspyrnu.
- 18.00 Dvergarkíði (La Llamada de los Gnomes) (4). Spænskur teiknimyndaflokkur í 26 þáttum. Þýðandi Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
- 18.25 Bangsi bestaskinn (The Adventures of Teddy Ruxpin). Breskur teiknimyndaflokkur um Bangsa og vini hans. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. Leikraddir Örn Arnason.
- 18.50 Táknmálfréttir.
- 18.55 Háskaslóðir (Danger Bay). Kanadískur myndaflokkur. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.
- 19.30 Hringrás. Dagskrá frá fréttastofu sem hefst á fréttum kl. 19.30.
- 20.20 Ærslabelgir. - Hóla í höggi (Comedy Capers - The Gaffer). Stutt mynd frá tímum þöglu myndanna með Larry Semon og Oliver Hardy.
- 20.35 Lottó - framhald.
- 20.40 Réttan á röngunni. Gestabráttur í sjónvarpsal. Umsjón Elísabet B. Þórisdóttir. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
- 21.10 Á fertugsaldri (Thirty something). Nýr, bandarískur gamanmyndaflokkur um nokkra vini sem hafa þekkt síðan á skólaárunum en eru nú hver um sig að basla í lífsgæðakapphlaupinu. Svo virðist sem framtíðardraumar unglingaráranna verði að engu begar alvaran blasir við. Þýðandi Guðni Kolbeinsson.
- 21.35 Fólkið í landinu. - Handþvo reyfin í hjarta borgarinnar og berjast fyrir betri ull. - Sigrún Stefánsdóttir spjallar við hönnuðina Huldu Jósefsdóttur og Kristínu Schmidhauser.
- 21.55 Sjálfbóðaliðar (Volunteers). Bandarísk gamanmynd frá 1985. Leikstjóri Nicholas Meyer. Aðalhlutverk Tom Hanks, John Candy og Rita Wilson. Ungur og illa upp alinn spjatrungur lendir óvart í friðarsveitum í Tælandi. Hann ákveður því að stilla til friðar milli austurs og vesturs í eitt skipti fyrir öll. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
- 23.40 Tom Waits. Breskur tónlistarþáttur með samnefndum tónlistarmanni.
- 1.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlök.



STÖÐ 2

- 9.00 Með Beggu frænku. Begga frænka er farin á stj. ferlega verður gaman, teiknimyndir sjást á skjá. Við horfum á þær saman. Við ætlum að horfa á Tao Tao. Óskaskóginn, Snorkana og Maju þýflugu. Myndirnar eru allar með íslensku tali.
- 10.30 Jogi. Teiknimynd.
- 10.50 Hinir umbreyttu. Teiknimynd.
- 11.15 Fjölskyldusögur. Leikin barna- og unglingamynd.
- 12.05 Ljáu mér eyra... Við endursýnum þennan vinsæla tónlistarþátt.
- 12.30 Lagt l'ann. Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum sunnudegi.
- 13.00 Áttarveldið. Dynasty. Carrington-fjölskyldan kveður Stöð 2.
- 13.50 Ópera mánaðarins: Il Ritorno D'Ulisse in Patria. Tónskáldið Claudio Monteverdi er einn af frumkvöðlum óperuförsins. Alls samdi hann tólf óperur en vannst ekki aldur til þess að ljúka þremur þeim. Af þeim níu fullgerðu óperum sem Monteverdi samdi eru sex glataðar. Il Ritorno D'Ulisse in Patria eða Heimkoma Odysseus er eitt hans þekktasta verk. Óperan rekur niðurlag Ódysseuskiðu Hómers. Verkið var frumflutt í Vin 1641 og hefur síðan skipað fastan sess í flestum stærri óperuhúsum heims. Óperan er í fimm þáttum með formála og samin við texta eftir Giacomo Badoaro. Flytjendur: Thomas Allen, Kathleen Kuhlman, Alejandro Ramirez, James King og fleiri ásamt Tölzer drengjakórnum og ORF sínfóníuhljómsveitinni. Stjórnandi: Jeffrey Tate.
- 17.00 Íþróttir á laugardegi. Heilar tvær klukkustundir af úrvals íþróttarnefni, bæði innlendu og erlendu. Umsjón: Heimir Karlsson og Birgir Þór Bragason.
- 19.19 Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
- 20.00 Heimsmetabók Guinness. Spectacular World of Guinness. Ötru- legustu met í heimi er að finna í Heimsmetabók Guinness. Kynnir David Frost.

- 20.25 Stöðin á staðnum. Nú ætla Stöð 2 að heimsækja Akureyri, höfuðstað Norðurlands, á ferð sinni um landið.
- 20.40 Klassípiur. Golden Girls. Gamannmyndaflokkur um hressar miðaldra konur sem búa saman á Flórída.
- 21.10 Ohara. Litli, snarpi lögregluþjónninn og gæðablóðin hans koma mönnum í hendur réttvisinnar þrátt fyrir sérstakar aðfarir. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy, Jack Wallace, Catherine Keener og Richard Yniguez.
- 22.00 Sumarskólinn. Summer School. Sprenglæglig gamanmynd um ungan íþróttakennara sem fenginn er til þess að kenna nokkrum erlendum unglingum ensku. Þar sem þetta er ekki beinlínis hans fag verða kennslu- aðferðirnar vægast sagt skrautlegar. Aðalhlutverk: Mark Harmon og Kristie Alley.
- 23.35 Hærskýldan. Nam, Tour of Duty. Spennubáttaröð um herflokk í Vietnam. Aðalhlutverk: Terence Knox, Stephen Caffrey, Joshua Maurer og Ramon Franco.
- 00.25 Hraðlest Von Ryans. Von Ryan's Express. Spennumynd sem gerist í seinni heimsstyrjöldinni og segir frá glæfalegum flóta nokk- urra stríðsfanga. Aðalhlutverk: Frank Sinatra, Trevor Howard, Sergio Fantoni og Edward Mulhare.



RÁS 1
FM 92.4/93.5

- 6.45 Veðurfregnir. Bæn, séra Valgeir Ástráðsson flytur.
- 7.00 Fréttir.
- 7.03 Góðan dag, góðir hlustendur. Pétur Pétursson sér um þáttinn.
- 9.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 9.05 Litli barnatíminn á laugardegi - Þvottasögur í þýðingu Þorsteins frá Hamri. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
- 9.20 Tónlist eftir Maurice Ravel. - La Valse Orchestre de Paris leikur, Daniel Barenboim stjórna. - Elly Ameling syngur grísk þjóð- lög, Rudolf Jansen leikur með á pianó.
- 9.35 Hlustendabjónustan. Sigrún Björnsdóttir svarar fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
- 9.45 Innlent fréttayfirlit vikunnar.
- 10.00 Fréttir. Tilkynningar.
- 10.10 Veðurfregnir.
- 10.30 Fólkið í Þingholtunum. Fjölskyldumynd eftir Ingibjörgu Hjartardóttur og Sigrúnu Óskars- dóttur. Flytjendur: Anna Kristín Arngrímsdóttir, Arnar Jónsson, Briet Héðinsdóttir, Flósi Ólafsson og Halldór Björnsson Stjór- andi: Jónas Jónsson.
- 11.00 Tilkynningar.
- 11.05 Í líðinni viku. Umsjón: Erna Indriásdóttir. (Frá Akureyri)
- 12.00 Tilkynningar. Dagskrá.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Veðurfregnir. Tilkynningar.
- 13.00 Hér og nú. Fréttabútur í vikulok- in. Tilkynningar.
- 13.30 Á þjóðvegi eitt. Sumarþáttur með fróðlegu ívafi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir og Ómar Valdimarsson.
- 15.00 Þetta vil ég heyra. Leikmaður velur tónlist að sínu skapi. Að þessu sinni Ólafur Thoroddsen teiknimaður.
- 16.00 Fréttir. Tilkynningar. Dagskrá.
- 16.15 Veðurfregnir.
- 16.20 Sumarferðir Barnaútvarpsins - Færeyjar. Kristjana Bergsdóttir ræðir við krakka sem sigldu til Færeyja.
- 17.00 Leikandi létt. - Ólafur Gaukur.
- 18.00 Al lífi og sál - Töfrabögg. Erla B. Skúladóttir ræðir við Baldur Brjánnsson og Ingólf Ragnarsson um áhugamál þeirra. Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 Veðurfregnir. Tilkynningar.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.30 Tilkynningar.
- 19.32 Ábætur. Alicia de Larocha leikur kaffa úr planóverkinu Iberia eftir Isaac Albeniz.
- 20.00 Sagan: Ört rennur æskublóð eftir Guðjón Sveinsson. Pétur Már Halldórsson les. (3.)
- 20.30 Visur og þjóðlög.
- 21.00 Slegið á léttari strengi. Inga Rósa Þórðardóttir tekur á móti gestum. (Frá Egilsstöðum)
- 21.30 Margrét Eggertsdóttir syngur lög eftir Þórarín Guðmundsson og Sigrúna Einarsson. Guðrún A. Kristinsdóttir leikur með á pianó og Máni Sigurjónsson á orgel.
- 22.00 Fréttir. Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.15 Veðurfregnir.
- 22.20 Dansað með harmonikunum- endum. Saumastofudansleikur í Útvarps húsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson. (Aður út- varpað sl. vetur.)

- 23.00 Dansað í dögginni. - Sigríður Guðnadóttir. (Frá Akureyri)
- 24.00 Fréttir.
- 0.10 Svölitið af og um tónlist undir svefninn. Jón Örn Marinósson kynnir.
- 1.00 Veðurfregnir.
- 1.10 Næturútlit á báðum rásum til morguns.



RÁS 2
FM 90.1

- 8.10 Á nýjum degi með Pétri Grétars- syni.
- 10.03 Nú er lag. Magnús Einarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarps og Sjónvarps.
- 12.20 Hádegisfréttir.
- 12.45 Kæru landsmenn. Berglind Björk Jónasdóttir og Ingólfur Margeirsson.
- 17.00 Fyrirmyndarfolk lítur inn hjá Lisu Pálsdóttur, að þessu sinni Sverrir Ibrahim Agnarsson.
- 19.00 Kvöldfréttir.
- 19.31 Áfram íslend. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 Kvöldtónar.
- 22.07 Sýbljan. Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Einnig útvarp- að nk. föstudagskvöld á sama tíma.)
- 0.10 Út á lífið. Anna Björk Birgis- dóttir ber kveður milli hlustenda og leikur óskálög.
- 2.00 Næturútlit á báðum rásum til morguns. Fréttir kl. 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

NÆTURÚTVARP

- 2.00 Fréttir.
- 2.05 Eftirlæstislögin. Svanhildur Jak- obsdóttir spjallar við Jónatan Ólafsson hljóðfæraleikara sem velur eftirlæstislögin sín. (Endur- tekinn þáttur frá þriðjudegi á rás 1.)
- 3.00 Róðarokk. Fréttir kl. 4.00.
- 4.30 Veðurfregnir.
- 4.35 Næturnótur.
- 5.00 Fréttir af veðri og flugsam- göngum.
- 5.01 Áfram íslend. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 6.00 Fréttir af veðri og flugsam- göngum.
- 6.01 Ur gömlum belgjum.
- 7.00 Morgunpopp.
- 7.30 Fréttir á ensku.

FM 98.9
BYLGJAN

- 9.00 Pétur Steinn Guðmundsson. Pét- ur tekur púlsinn á þjóðfélaginu, ætla meira að segja að kafa pinulítið dýpra. Andleg málefni, og allt þeim skylt, verða til stað- ar, mannlegt fram úr hófi. Viðtöl við forvitnilegt fólk, tónlist sem allir þekkja og sem hæfir tiltek- inni á laugar dagsmorgnum.
- 13.00 Kristófer Helgason. Leikur, uppá- komur og glens taka völdin á laugardegi. Uppáhaldslögin og kveður í síma 61 11 11.
- 16.00 Dreifibýlistónlist. Páll Þorstein- son, í kúrekastigvélum og með hatt, leikur nýjustu sveitátónlist- ina og færir okkur fréttir frá Nas- hville og víðar.
- 18.00 Ólafur Már Björnsson. Laugar- dagskvöldið tekið með trompi. Óskálög og kveður í símunum 68 19 00 og 61 11 11.
- 22.00 Hafþór Freyr mættur á nætur- vaktina, næturvakt sem segir „6“. Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveður og óska- lög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
- 3.00 Næturdagskrá.

Stjörnan
FM 102.1 & 104

- 9.00 Sigurður Helgi Hlökkversson. Fjör- við fóninn. Hress en þægileg tón- list í morgunsárið.
- 14.00 Kjartan „Daddi“ Guðbergsson. Hressilegir þættir þar sem leikin verður ný og gömul tónlist í bland.
- 18.00 Bjarni Haukur Þórsson. Laugar- dagskvöldið tekið með trompi. Óskálög og kveður í símunum 68 19 00 og 61 11 11.

- 22.00 Sigursteinn Másson mættur á næturvaktina, næturvakt sem segir „6“. Hafið samband í síma 68 19 00 eða 61 11 11 og sendið vinum og kunningum kveður og óskálög á öldum helgarljósvakans í bland við öll nýjustu lögin.
- 2.00 Næsturjómur.

ROT
UTVARP
FM 103.5 & 108

- 10.00 Útlit Kolaport. Bein útsending frá markaðinum í Kolaporti, lítið á manniflið í miðborginni og leik- in tónlist úr öllum áttum.
- 15.00 Af vettvangi baráttunnar. Göml- um eða nýjum baráttumálum gerð skil. Að þessu sinni eru það vandamál dreifbýlisins.
- 17.00 Um Rómönsku Ameríku. Miðam- erikunefndin.
- 18.00 S-amerísk tónlist. Ingvi Þór Krist- insson.
- 19.00 Laugardagur til lukku. Gunnlaug- ur og Þór.
- 20.00 Það erum við. Unglingabáttur í umsjón Arna Freys og Inga.
- 21.00 Sýbljan með Jóhannesi K. Kristj- ánnssyni.
- 23.30 Rótardraugar.
- 24.00 Næturvakt.

EXTRA
FM 103.5 & 108

- 7.00 Felix Bergsson.
- 12.00 Steinunn Halldórs.
- 15.00 Á laugardegi. Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson.
- 18.00 Kiddi Bigfoot. „Parti - ball.“
- 22.00 Sigurður Ragnarsson.
- 3.00 Nökkvi Svavarsson.

SKY
CHANNEL

- 4.30 The Flying Kiwi. Ævintýrasería.
- 5.00 Poppþáttur.
- 6.00 Griniðjan. Barnaþættir.
- 10.00 Íþróttabútur.
- 11.00 Fjölbregðaglima.
- 12.00 Dick Barton Strikes Back. Kvik- mynd.
- 14.00 Sara. Ævintýraflokkur.
- 15.00 50 vinsælustu lögin.
- 16.00 Litill kraftaverk. Gamanþáttur.
- 16.30 The Bionic Woman. Spennu- myndaflokkur.
- 17.30 Those Amazing Animals.
- 18.30 The Love Boat. Gamanmynda- flokkur.
- 19.30 The Adventures of Hailtí Baba. Kvikmynd.
- 21.30 Fjölbregðaglima.
- 22.30 Poppþáttur.

SKY
MOVIES

- 15.00 Silence.
- 17.00 The Great Santini.
- 19.00 The Plague Dogs.
- 21.00 Once Upon a Time in America.
- 00.50 Bachelor Prty.

EUROSPORT

- 9.30 Hornabolti. Valin atriði úr leik í amerísku deildinni.
- 10.30 Hjólréiðar. Tour de France.
- 11.30 Golf. Scottish Open.
- 13.30 Rugby. Spennandi keppni úr áströlsku deildinni.
- 14.30 Surfer Magazine. Brimbretta- keppni á Hawaii.
- 15.00 Hjólréiðar. Tour de France.
- 15.30 Íþróttakynning Eurosport.
- 17.00 Trans World Sport. Íþróttafréttir víðs vegar að.
- 18.00 Hjólréiðar. Tour de France.
- 19.00 Golf. Scottish Open.
- 21.00 Rugby. Ástralía keppir við Bresku Íjónin.
- 22.30 Hjólréiðar. Tour de France.

SUPER
CHANNEL

- 5.00 Teiknimyndir.
- 9.00 Tónlist og tíska.
- 10.00 Tourist Magazine. Ferðaþáttur.
- 10.30 Tónlist og tíska.
- 11.00 Hollywood Insider.
- 11.30 Tónlist og tíska.
- 12.00 Flame Trees of Thika.
- 13.00 Flying High. Gamanþáttur.
- 14.00 Wanted Dead or Alive. Vestri.
- 14.30 Tónlist og tíska.
- 15.00 Dick Turpin. Ævintýramynd.
- 15.30 Evrópulístin. Poppþáttur.
- 16.30 Íþróttir.
- 17.30 Tiskubáttur.
- 18.00 Abilene Town. Kvikmynd.
- 20.00 Assassination Run.
- 20.55 Roving Report. Fréttaskýringa- þáttur.
- 21.30 I Walked with a Zombie. Kvik- mynd.

Laugardagur 15. júlí



Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson sjá um nýjan þátt á Eff Emm.

Eff Emm kl. 15: Á laugardegi

Nýr þáttur hefur göngu sína í dag á útvarpsstöðinni nýju, Eff Emm 95.7. Þátturinn heitir „Á laugardegi“ og umsjónar- menn hans eru þeir Stefán Baxter og Nökkvi Svavarsson. Í þættinum verður skemmtanálifi höfuðborgarinnar gerð ítarleg skil og hlustendum gefin góð ráð um hvar best sé að sletta úr klaufunum. Tónlistin mun þó sitja í fyrirrúmi eins og vera ber.

Aðrir dagskrárgerðarmenn láta einnig til sín heyra hjá Stefáni og Nökkva. Felix Bergsson verður með kvikmynda- gagnrýni og hinn gamalreyndi útvarpsmaður, Ásgeir Tómas- asson, mun kynna hljómsveit dagsins.

Bylgjan kl. 9: Lífið fyrir handan

Pétur Steinn Guðmunds- son er aftur kominn til starfa á Bylgjunni eftir nokkurt hlé. Hann sér um þátt á laugar dagsmorgnum þar sem tekin eru fyrir and- leg málefni af ýmsu tagi.

Á Íslandi er varla til sá maður sem ekki hefur frá einhverri andlegri reynslu að segja, annað hvort úr amstri daganna eða draum- heimum. Pétur Steinn hefur fengið til sín fólk með mið- ilshæfileika sem spjallar tæpitungulaust um lífið handan grafar.

Jóna Rúna Kvaran er fyrir löngu orðin kunn fyrir mið- ilshæfileika sína. Hún verður gestur Péturs Steins í dag



Jóna Rúna Kvaran miðill verður gestur Péturs Steins Guðmundssonar á Bylgj- unni í dag.

og ekki er að efa að í rabbi þeirra verði víða komið við, í þessum heimi og þeim næsta.

Sjónvarp kl. 21.55: Sjálfbóðaliðar

Sjónvarpið sýnir okkur í kvöld bandaríska gamanmynd með tveimur af vinsælustu leikurum þarlandum um þessar mundir, Tom Hanks og John Candy.

Sjálfbóðaliðar segir frá ungum, auðugum og fordekruðum spjatrungi úr góðri fjölskyldu, Lawrence Bourne III. Eins og aðrir landar hans með rómverska tölu á eftir nafninu sínu er hann hrokafullur og hortugur. Í ofanálag er hann nógu vitlaus til að tapa veðmáli daginn sem hann útskrif- ast úr Yale háskólanum.

Rustamenni nokkurt eltir piltinn á röndum og hefur illt eitt í huga. Stráski sér því aðeins eina leið út úr vandræðun- um, fara með friðarsveitunum til Tælands í stað herbergis- félaga síns. Þar eystra á hann að dvelja næstu tvö árin í litlum kofa í fenjunum fjarri öllum vestrænum lífsþægind- um.

En finen bjóða upp á ýmislegt, t.d. póker við innfædda og eltingarleik við stelpurnar í friðarsveitunum. Og dag nokkurn gefst tækifæri til að stilla til friðar milli austurs og vesturs í eitt skipti fyrir öll.

Auk áður nefndra leikara er Rita Wilson ein máttarstöða myndarinnar en leikstjóri er Nicholas Meyer.

Maltin segir myndina slaka og gefur henni aðeins eina og hálfa stjörnu.

Stöð 2 kl. 22.00: Sumarskólinn

Í Bandaríkjunum eru tossar og slæpingjar sendir í sumar- skóla þar sem reynt er að troða í þá einhverri visku svo þeir geti fylgt bekkjarfélögum sínum næsta vetur. Um slík- an skóla fjallar fyrri blómmynd kvöldsins á Stöð 2.

Shoop heitir íþróttakennari við skóla einn, nýgræðingur sem leggur sig allan fram í starfi og lætur sig hlakka til væntanlegs sumarfrís á sólarströnd með elskunni sinni. En honum er ætlað annað hlutverk. Hann skal kenna í sumarskóla eða míssa starfið að öðrum kosti.

Shoop þorir ekki annað en hlýða. Hann reynist þó með öllu óhæfur kennari og ekki eru nemendur hans skárrí. Kennarinn deyr þó ekki ráðalaus því hann finnur sína eig- in aðferð til að halda nemendum við efnið.

Það er hjartaknúsarinn Mark Harmon sem leikur aðal- hlutverkið en aðrir sem koma fram heita t.d. Kirstie Alley, Robin Thomas og Dean Cameron. Leikstjórinn heitir Carl Reiner. Maltin segir myndina þokkalegustu affreyningu, af svona mynd að vera, og gefur henni tvær og hálfa stjörnu.